

LÝÐH1HL02

Búið til: Tue, 13 Oct 2020 10:03:01 GMT

Titill

Lýðheilsa - hugur og líðan

Skammstöfun

LÝÐH1HL02

Útgáfunúmer

42

Námsgrein

Lýðheilsa

Viðfangsefni

Hugur og líðan

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn er grunnáfangi í lykilþáttum hugarfars, líðanar og hegðunar. Þannig er leitast við að bera kennsl á og skoða hvernig breyta má hugarfari sem hefur áhrif á líðan, þá hegðun og hugsanir sem viðhalda vanlíðan og hvernig hafa má áhrif á uppbyggilegan hátt. Nemandinn er studdur til þess að þreifa sig áfram á eigin forsendum, vinna með öðrum og fjalla um efnið út frá eigin forsendum og ná lengra, byggt á fyrri þekkingu og reynslu. Markmiðið er að tengja námsefni áfangans sem best við raunverulegar aðstæður.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- viðfangsefnum og tengslum hugarfars, líðanar og hegðunar
- vinnubrögðum í tengslum við hugarfar, líðan og hegðun
- grunnhugtökum í tengslum hugarfars, líðanar og hegðunar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita algengustu hugtökum um viðfangsefni áfangans á skýran og skilmerkilegan hátt
- lesa og skilja umfjöllun um helstu viðfangsefni áfangans
- tjá kunnáttu sína bæði munnlega og skriflega

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnispætti
- taka þátt í umræðum um viðfangsefni og tengsl hugarfars, líðanar og hegðunar og mynda sér skoðanir sem byggjast á gagnrýninni hugsun, virðingu og víðsýni
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær
- beita öguðum vinnubrögðum, taka ábyrgð á eigin námi og vinna í samvinnu við aðra
- beita algengustu hugtökum og tengslum hugarfars, líðanar og hegðunar á skýran og skilmerkilegan hátt
- hagnýta netið til að afla sér þekkingar um viðfangsefni áfangans

- tjá sig skipulega og gagnrýnið um áhrif hugarfars og líðanar á hegðun
- setja sig í spor annarra

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar

Fyrirmynd